

Fundargerð

22. fundar í Erfðanefnd landbúnaðarins
Keldnaholti, 15. desember 2014 kl. 14:00 – 15:30

Mættir aðalmenn: Jón Hallsteinn Hallsson formaður, Áslaug Helgadóttir, Emma Eypórsdóttir, Trausti Baldursson, Leo Alexander Guðmundsson, Jón Viðar Jónmundsson og Þröstur Eysteinnsson (var í símasambandi).

Auk þess sat fundinn Birna Kristín Baldursdóttir, JHH ritaði fundargerð.

JHH setti fundinn og kynnti dagskrá fundarins

1. Samþykkt dagskrár

Dagskrá var samþykkt án athugasemda.

2. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð frá 21. fundi var samþykkt.

3. Staða mála frá síðasta fundi

- a. Landsáætlun 2014-2018 rædd. Mikilvægt að auglýsa landsáætlunin betur. Hægt að gera betur, t.d. með því að senda samstarfsfólki/-stofnunum erfðanefndar landbúnaðarins landsáætlunin.
- b. Starfshópur var settur á fót um málefni íslensku geitarinnar, þar sem BKB sat sem fulltrúi erfðalindaseturs LbhÍ. M.a. fundað með ráðherra og aðstoðarmönnum hans. Út úr þessari vinnu kom 7 milljóna framlag til 3 ára. Fyrst og fremst hugsað sem aukinn stuðningur til geitfjárbænda, en einnig til sæðissöfnunar og ætternisskráninga. Nú unnið að sæðissöfnun – 6 hafrar frá Háafelli valdir að þessu sinni og einn frá Þorbergsstöðum, Dalasýslu.
- c. Bréf var sent til ráðuneytis varðandi verkefni erfðanefndar og fjárframlög til nefndarinnar. Unnið verður áfram í þessu máli með það að markmiði að erfðanefndin fá sérstakt framlag á fjárlögum.
- d. Litaveggspjald fyrir geitur komið út hjá Bændasamtökum Íslands.
- e. Unnið hefur verið í verkefninu Gamlir garðar sem er samstarf við grasagarða og byggðasöfn með það að markmiði að dreifa yrkjum og upplýsingum um gamlar nytjaplöntur.
- f. Skýrsla um erfðafræðilegt ástand íslenska kúastofnins. Unnið er að sambærilegri skýrslu um sauðfjárstofninn.
Sú spurning kom upp hvort það væri hlutverk erfðanefndar landbúnaðarins að ræða þessa skýrslu og hafa skoðun á niðurstöðunum. Líklegt að fyrst komi til tals innflutningur á holdanautum, áður en farið verður að ræða innflutning á nýju mjólkurkyni. Er það áhyggjuefni hversu hröð breyting hefur orðið á aukingu í

skyldleikarækt (ΔF) og virkri stofnstærð (N_e) á stuttum tíma? Brugðist við með því að innleiða notkun á Eva forritinu í samstarfi við Peer Berg hjá Nordgen
- Ekki beinar vísbendingar um aðgerðapörf og mjög jákvætt framtak að unnið sé að því að taka notkun á EVU (forrit til stýringar á innræktun í kynbótum) upp í kynbótastarfi með íslenska kúastofninn.

- g. Málþing um íslenska kúastofninn í samstarfi við Landbúnaðarsafn Íslands fyrirhugað í júní 2015. Hugmyndir um myndasýningu á litum, umfjöllun um kúr út frá þjóðmenningarlegu sjónarhorni. Magnús B. Jónsson mun sennilega fjalla um kynbætur. Jafnframt er að stefnt að því að boðið verði upp á erindi um mjólkurvinnslu. Athuga með laugardaginn 13. júní.

4. Rekstur og áætlunargerð

Lagt var fram uppgjör ársins 2014 ásamt drögum að áætlun fyrir 2015.

Inneign í byrjun árs 2014 var kr. 6.207.795, þar af var framlag á fjárlögum 2014 kr. 4.400.000 og gjöld alls 4.432.233 kr., inneign í lok árs var kr. 1.671.464 og þar af eru kr. 487.500 bundnar í ógreiddum lokagreiðslum styrkja. Drög að áætlun fyrir árið 2015 voru lögð fram. Framlag til nefndarinnar verður óbreytt frá árinu eða 4.400.000 kr. Til ráðstöfunar eru þá kr. 6.071.464 Stofnverndarframlag til verndunar geitfjárstofnsins verður 1.800.000 kr. og 2.500.000 kr. vegna verksamnings við erfðalindasetur.

5. Önnur mál

- a. Á heimasíðu vantar í einhverjum tilfellum skýrslur – athuga með þær skýrslur sem vantar.
- b. Umræða um ýmsar hugmyndir sem ættu að vera á verksviði erfðanefndar.
 - i. Gamlir garðar. Mikilvægt að halda því verkefni við.
 - ii. Íslenska bananakynið – athuga með uppruna banana á Reykjum?
 - iii. Lax í kvíum – búið að gefa leyfi fyrir yfir 20.000 tonnum í kvíum. Nú framleitt um 3.000 tonn af laxi.
 - iv. Íslenska forystuféð – Kortlagning á stofninum. Frá verndunarsjónarmiði er þetta afrek, 1500 einstaklingar dreifðir á 500 bú. Útfrá skyldleikarækt er staðan ótrúlega góð.
- c. Tvær ráðstefnur um erfðalindir skógræktar fyrirhugaðar á Íslandi á næsta ári.
- d. Safnað var 800 kílóum af stafafurukönglum – dugar næstu 2-3 árin.
- e. Skipað til næstu 4 ára í stjórn NordGen. ÁH aðalmaður, JHH vara.

6. Næsti fundur

Ákveðið var að næsti fundur verði haldin í apríl 2015